

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag í Hveragerðisbæ.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 11. febrúar 2016 breytingu á deiliskipulagi Kambalands. Í breytingunni felast breytingar á götum og lóðum á nyrsta hluta svæðisins, þar sem nú eru lóðir við Hrauntungu.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 14. apríl 2016 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjarlands. Í breytingunni felst stækkun á sjö lóðum syðst á deiliskipulagssvæðinu.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær nú þegar gildi.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 12. maí 2016 nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Bröttuhlíð, Laufskógum, Klettahlíð og Þverhlíð. Deiliskipulagið felur í sér heimildir til þéttingar núverandi íbúðarbyggðar og nýja íbúðarbyggð á svæði þar sem áður var garðyrkjustöð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast nú þegar gildi.

Hveragerði, 7. júní 2016.

Guðmundur F. Baldursson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2016